



Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	RÖKV1RÖ03 – 10. Verkefni	

10. Verkefni – Sjálfvirk endurstilling

1.

Búnaður	Heiti
Segulliði/spólurofi	K1M
Segulliði/spólurofi	K2M
Segulliði/spólurofi	K3M
Tímaliði seinn inn	K1T
Tímaliði seinn inn	K2T
Sjálffvar	Q1
Stoppofi	S1
Startrofi	S2
Startrofi	S4
Yfirálagsvörn	F1
Gaumljós	H1
Gaumljós	H2
Gaumljós	H3



2. Virknilysing

Ímyndum okkur að við séum með færiband eins og í 9. verkefni. Núna eigum við að hanna búnað sem hreyfir hlið þannig að það sem er á færibandinu fer ýmist af því til hægri eða vinstri.

Þegar ýtt er á startrofann S2 fer K1M inn og færibaldið fer í gang.

Síðan ýtið þið á S4 og þá fer K2M inn, K1T fer inn og byrjar að telja og H1 kviknar.

Eftir 3 sekúndur breytir K1T um stöðu, tekur K2M út og setur K3M inn, K2T fer að telja og H2 kviknar.

Eftir 3 sekúndur breytir K2T um stöðu, tekur K3M út og setur K2M inn og svo framvegis.


H1 og H2 loga til skiptis í 3 sekúndur þangað til ýtt er á S1.

3. Verkefni

- Gerið teikningu af rásinni samkvæmt fyrirmælum um stærð tákna og merkið heiti búnaðar og snertunúmer inn á hana. Vandíð frágang. Ef mynd er gerð í Simurelay er ekki farið fram á öll númer á teikningu en gott að fá mynd (screenshot) af öllum skrefum. Spennulaus, öryggi inni, rás í virni.
- Gerið tengilista og munið eftir að merkja raðtengin inn á teikninguna.
- Tengid samkvæmt teikningu og tengilista.
- Áður en þið stingið í samband skuluð þið kalla í kennara sem fer yfir rásina.

Mundu að taka úr sambandi áður en átt er við snúrurnar.

Teikningin, tengilistinn og mynd af tengdri rás fer svo í ferilbókina ykkar.

Nr.: GAT-044	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 03		
Dags.: 12.04.2016		
Höfundur: BEN	RÖKV1RÖ03 – 10. Verkefni	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Smá hjálp.

Þið þurfið tvær snertur fyrir hvorn tímalíða, NC og NO

Þegar þið gerið þetta í Simurelay þá getur S2 verið með tvær snertur og þið þá sleppt S3.